

## Ráðstefna um byggðaáætlun 2014-2017

### Erindi: Pétur Berg Matthíasson fjármála- og efnahagsráðuneytinu

Ágætu fundargestir.

Fjárlög undanfarinna ára hafa einkennst af viðbrögðum við alvarlegri stöðu ríkissjóðs eftir efnahagsáfallið sem reið yfir haustið 2008. Fjárlögin í ár bera þess merki að aðhaldssöm ríkisfjármálastefna hefur skilað markverðum árangri. Allar horfur eru á að jákvæður frumjöfnuður náist í ríkisrekstrinum á yfirstandandi fjárlagaári í fyrsta skipti frá hruni íslenska bankakerfisins

Verkefnið framundan er að tryggja áfram framgang ríkisfjármálaáætlunar ríkisstjórnarinnar svo heildarjöfnuður náist á fjárlagaárinu 2014. Fjárlög ársins 2013 voru samin með þetta markmið í huga enda mun sá áfangi að stöðva skuldasöfnun vegna hallareksturs ríkissjóðs skjóta styrkari stöðum undir velferðarkerfið.

Stóri vandi ríkissjóðs er eftir sem áður hár vaxtakostnaður en hann nemur um 15% af áætluðum heildartekjum ársins 2013.

Vegna þess árangurs sem náðst hefur með breytingum á skattkerfinu og aðhaldssamri ríkisfjármálaáætlun síðustu ára hefur nú myndast svigrúm til aukinnar fjárfestingar hins opinbera. Ríkisstjórnin kynnti áform sín í þá veru fyrra undir heitinu *Fjárfestingaáætlun fyrir Ísland (2013–2015)*. Markmið hennar er að styðja við hagvöxt og fjölbreytni í atvinnulífi og er liður í nýrri sókn fram á veginn eftir efnahagsáfallið. Hún er sett fram með þeirri forsendu

- að ríkissjóður endurheimti stóran hluta af þeim fjármunum sem lagðir voru fram til að endurfjármagna bankakerfið
- og að í ríkissjóð renni tekjur af umframhagnaði í sjávarútvegi samkvæmt nýjum lögum um veiðigjöld

### Áskoranir og lausnir framundan fyrir ríkið

Ríki og sveitarfélög gegna veigamiklu hlutverki í atvinnulífinu en hjá þeim starfa þúsundir einstaklinga við ýmis konar störf. Sífellt þarf að bæta og efla þjónustu, verklag og aðferðir í takt við kröfur og þarfir samfélagsins á hverjum tíma, það krefst hugvits og samstarfs við viðskiptavinum og skjólstæðinga sem leiðir ósjaldan til nýsköpunar. Það má ekki gleyma því að ríki og sveitarfélög kaupa vörur, þjónustu, tæki og fleira fyrir yfir 100 milljarða kr. á ári hverju. Stór hluti af því fer í þróun og nýsköpun.

Flest ríki í hinum vestræna heimi standa frammi fyrir sambærilegum áskorunum – Þar má fyrst nefna væntingar um efnahagsbata ríkja, aukna samkeppnishæfni ríkja til að skara fram úr, aukinn hagvöxt, atvinnusköpun þar sem atvinnuleysi er óviðunandi og svo síðast en ekki síst mikilvægi þess að ná stöðugleiki í ríkisfjármálum. Til viðbótar má bæta að hér á Íslandi þurfum við jafnframt að takast á við úrlausn skuldavandans og afnám gjaldeyrishafta.

Áskoranir eru margar, ríki eru með takmarkaðar auðlindir, hér á landi jafnt sem annars staðar

Kröfur og væntingar fólks eru meiri og háværi en oft áður

Það er takmarkað traust á stjórnvöldum og stjórnsýslunni – þetta sýna ótal kannanir alþjóðlegar sem innlendar.

### **Lausnir framundan fyrir ríkið**

Mismunandi lausnir við ofangreind vandamál – áhrif þeirra á mismunandi hópa í samfélaginu – þetta hefur leitt til þess að mörg ríki eiga mjög erfitt með ákvörðunartöku þar sem sjaldan er ein lausn sem tekur til allra þátta eða allra hópa.

Lausnir sem menn hafa verið að ræða felast m.a.

Í nýjum aðferðum til að takast á við þann efnahagsvanda sem við stöndum frammi fyrir

- nýta betur þann ábata sem ólíkar stefnur kunna að skila
- hlúa betur að stofnunum sem þurfa að takast á við vandann framundan

Auka traust á stjórnvöld og stjórnsýsluna

- Traust er of lítið
- Trú manna á lausnir takmarkaðar og það hefur áhrif á stefnumótun
- Lykilatriðið er að unnið sé með borgurum, viðskiptavinum og skjólstæðingum þegar kemur að stefnumótun.

Stefnumótun og áætlanagerð stjórnvalda þarf að vera samhæfð þvert á ráðuneyti og málaflokka.

- sýn stjórnvalda þarf að vera skýr
- öflug miðlæg eining innan stjórnsýslunnar til að samhæfa þarf að vera til staðar
- Jafnrétti, heiðarleiki og gagnsæi er lykilhugtök sem stjórnsýslan þarf að vera meðvituð um.
- Stefnur og áætlanir þarf að byggja á gögnum, rannsóknnum, greiningum.

Skilvirkar stefnur standa og falla með framkvæmdinni, mikilvægt er að leggja áherslu á hvernig, ekki aðeins hvað.

Það sem stjórnvöld þurfa að gera hér heima sem og erlendis á komandi misserum er m.a. að auka aðgengi að upplýsingum svo að samfélagið geti nýtt þær betur, s.s til að ýta undir nýsköpun

- Starfa þarf nánar með sveitarstjórnarstiginu og eru sóknaráætlanir landshluta gott dæmi um það

Nýta þarf betur einkageirann til að stuðla að nýsköpun, s.s. í gegnum opinber innkaup.

### **Hvað hefur verið gert á undanförunum árum er varðar ríkisreksturinn**

Frá hruni hafa ríkisstofnanir og ráðuneyti þurft að skera heilmikið niður. Á sama tíma hefur Stjórnarráðið farið í gegnum umfangsmikla endurskipulagningu, m.a. með fækkun ráðuneyta auk þess sem markvisst hefur verið unnið að því að fækka stofnunum, í þeim tilgangi, að spara, styrkja rekstrargrundvöll og viðhalda þjónustu. Staða ríkissjóðs í lok árs 2008 bauð ekki upp á samskonar rekstur og á árin þar undan ef ætlunin var að ná fram sparnaði og minnka fjárlagahallann.

Við greiningu á þeim umbótum sem stjórnvöld hafa staðið fyrir frá hruni má sjá að þau hafa

lagt mikla áherslu á að efla rannsóknargetu og eftirlit stjórnsýslunnar. Þó nokkuð hefur verið um tilfærslur á verkefnum, ýmist innan Stjórnarráðsins, milli stofnana ríkisins eða á milli ríkis og sveitarfélaga, eins og málefni fatlaðra er gott dæmi um. Með eflingu stofnana er átt við aukinn sveigjanleika, skýrari reglur, aukið aðgengi að upplýsingum o.s.frv.

Ekki hefur allt gengið eftir eins og lagt var upp með, má hér nefna að frumvörp um að fækka lögregluembættum og sýslumannsembættum voru ekki samþykkt á ný afstöðnu þingi

### **Breytingar á sveitarstjórnarstiginu**

Frá hruni hafa ýmsar breytingar verið gerðar á sveitarstjórnarstiginu. Sveitarfélögum hefur fækkað lítillega, ný sveitarstjórnarlög tóku gildi 1. janúar 2012 með ströngum rammareglum um markmið í afkomu og skuldastöðu. Mikilvægur málaflokkur var fluttur frá ríki til sveitarfélaga þar sem eru málefni fatlaðra.

Eins og fram kemur í samkomulagi á milli ríkis og sveitarfélaga þá skulu þjónustusvæði um rekstur þjónustu við fatlaða hafa að lágmarki 8.000 íbúa og skulu þau mótast með samkomulagi og samstarfssamningi sveitarfélaga. Þarna eru vatnaskil í því að horfast í augu við þá staðreynd að mörg nærverkefni, sem eru vel til þess fallin að vera á hendi staðbundins stjórnvalds krefjast miklu meiri mannfjölda til að hægt sé að veita þjónustuna en er að finna í meirihluta sveitarfélaga eins og þau eru nú, þrátt fyrir það að mikið hafi í raun áunnist í endurskipulagningu sveitarstjórnarstigsins.

Mikilvægt er að fækka enn frekar sveitarfélögum. Markmið okkar hér á landi ætti að felast í því að gera sveitarstjórnarstigið skilvirkara, hagkvæmara og betur til þess fallið til að takast á við framtíðar áskoranir, bæði á innlendum og erlendum vettvangi.

### **Helstu áskoranir sveitarfélaga á komandi árum snúa án ef að því hvernig þau ætla að:**

- Laða að fjárfestingu
- Skapa skilyrði fyrir staðbundna efnahagslega þróun
- Veita góða menntun
- Skapa almenna hagsæld með góðu umhverfi fyrir fyrirtæki og almenning
- Veita þá opinberu þjónustu sem þeim er falið að annast og sem best er að veita nálægt vettvangi í háum gæðum fyrir lágt verð

Á Íslandi eru lítil sveitarfélög sem standa illa að vígi við að veita íbúum margvíslega persónulega þjónustu. Flest þeirra eru með innan við 1000 íbúa – mörg eiga erfitt með að sinna núverandi verkefnum. Með aukinni stærð eykst bolmagn sveitarfélaganna til að sinna stærri verkefnum. Um 70% íbúa vilja frekar að sveitarfélög sjái um þjónustuna heldur en ríkisvaldið. Það gerist hins vegar ekki nema að sveitarfélögin í landinu sameinist. Hægt er að gera það með íslensku leiðinni sem hefur skilað misjöfnum árangri eða með norrænu leiðinni og þá vísa ég hér í Svíþjóð og Danmörk þar sem lög voru sett.

Til viðbótar má bæta að gert er ráð fyrir miklum breytingum á samstarfi fjármála- og efnahagsráðuneytisins og sveitarfélaga ef frumvarp um opinber fjármál sem nú liggur nær fullbúið fyrir í ráðuneytinu nær fram að ganga. Sérstaklega snýr þetta að Sambandi íslenskra sveitarfélaga, fyrir hönd sveitarfélaga þegar kemur að mótun fjármálastefnu og fjármálaáætlunar til næstu fimm ára en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að samið verði árlega um millifærslur fjármuna frá ríki til sveitarfélaga þótt langtímasjónarmið muni jafnframt fá meira vægi en þau hafa nú. Hin landfræðilega vídd fjárlagafrumvarps verður því sýnilegri í framtíðinni en verið hefur.

## **Hvað er framundan**

Eins og ég hef komið inn á þá eru margar áskoranir framundan hvað snertir umbætur í opinberri þjónustu, frekari breytingar á stofnanakerfinu eru væntanlegar og nauðsynlegt er að ganga enn lengri en gert hefur verið ráð fyrir. **Nýsköpun er lykilorðið** – við verðum að finna leiðir til að viðhalda, helst bæta þjónustuna við borgara á sama tíma og við gerum breytingar á skipulagi hennar og starfsháttum.

Í fjármála- og efnahagsráðuneytinu horfum við til verkefna eins og sameiningar skattstofa. Þar hefur árangurinn verið til fyrirmyndar. Þær upplýsingar sem við höfum fengið þaðan gefa til kynna að skattaframkvæmdin sé orðin mun skilvirkari og samræmdari en áður var með ca. 25 færri starfsmönnum og lægri heildarkostnaði sem nemur nokkur hundruð milljónum kr. Margt konar samlegðaráhrif eru: Bókhald fært á einum stað í stað 10 áður, greiðsluþjónusta á einum stað, samið við eitt símafyrirtæki, öll launavinnsla á einum stað, innkaup rekstrarvara að miklu leyti samræmd o.s.frv. Þá má ekki gleyma því að landsmenn njóta nú meira jafnræðis en áður varðandi framkvæmdina.

Á sama tíma og þessar breytingar hafa gengið yfir þá hefur tekist að viðhalda þjónustunni um allt land auk þess sem ánægja starfsmanna er mjög mikil eins upplýsingar um stofnun ársins gefa til kynna.

Það þarf að vera lykilatriði frá sjónarhóli ríkisins að veita borgurunum eins góða þjónustu og mögulegt er með sem mestri hagkvæmni. Þarna þarf oft að hugsa út fyrir ramma stofnana og ráðuneyta með sjónarmið hagkvæmni og gæða í þjónustu að leiðarljósi. Það eru enn landvinningar framundan að þessu leyti í þeim hluta starfsemi ríkisins sem fjármála- og efnahagsráðuneytinu hafa verið falin.

Hvað varðar nýsköpun þá höfum við reynt að koma því á kortið í opinbera geiranum með ráðstefnum, viðurkenningum, vefsíðu o.fl. Nýlega var gerður samningur við stjórnsýslustofnun HÍ um eflingu nýsköpunar í opinbera geiranum og gerum við okkur vonir um að það samstarf leiði til umbóta í opinberum rekstri sem skili sér í aukinni framleiðni stofnana í komandi árum.

Nýsköpun á landsbyggðinni er mikilvæg og sáum við síðast þegar nýsköpunarverðlaunin voru afhent að stofnanir, sveitarfélög og landshlutasamtök tilnefndu öll mjög góð og áhugaverð verkefni.

- Austurbrú- landshlutasamtök
- Heilbrigðisstofnunin á Blönduósi – ríkisstofnun.
- Sveitarfélagið Skagafjörður eða Rangárþing eystra.

Ég vil enda á að segja að opinber þjónusta skiptir miklu máli þegar kemur að eflingu byggða – það eru miklar áskoranir framundan en jafnframt tækifæri sem við verðum að grípa.

**Takk fyrir**